

Fjármálaeftirlitið fjallar um stöðu lífeyrissjóðanna 2015


Fjármálaeftirlitið hefur birt [samantekt yfir stöðu íslenskra lífeyrissjóða](#) við árslok 2015. Efnið er unnið úr þeim gögnum sem Fjármálaeftirlitinu hafa borist frá Lífeyrissjóðum og vörsluaðilum séreignarsparnaðar miðað við árslok 2015. Lífeyriskerfið er öflugt og heldur áfram að stækka í efnahagslegu tilliti. Á liðnu ári voru starfandi 26 lífeyrissjóðir í 76 deildum samtryggingar og séreignar. Aðrir vörsluaðilar séreignasparnaðar voru sjö talsins. Tryggingafræðileg staða samtryggingadeilda lífeyrissjóða heldur áfram að batna. Eftir sem áður er staða sjóða með ábyrgð ríkis og sveitarfélaga sú að þeir eru með umtalsverðan halla.

Mikilvægi lífeyrissjóða við öflun lífeyristekna hefur aukist og mun sú þróun halda áfram og hefur Ísland sérstöðu að þessu leyti innan OECD landa. Losun gjaldeyrishafta er mjög jákvætt skref fyrir lífeyrissjóðina og getur með tímanum stuðlað að aukinni áhættudreifingu í eignasöfnum þeirra.

Lífeyrismarkaður

Eignir alls lífeyriskerfisins voru í árslok 2015 um 3.454 milljarðar króna, eða 157% af vergri landsframleiðslu sem er aukning um tvö prósentustig frá fyrra ári. Eignir samtryggingadeilda lífeyrissjóða jukust um nærri 11% og voru 2.955 milljarða króna, í árslok 2015 sem er um 86% af lífeyrismarkaðnum. Séreignasparnaður í vörslu lífeyrissjóðanna nam 321 milljarði króna og 178 milljörðum króna hjá öðrum vörsluaðilum séreignasparnaðar. Aukning frá fyrra ári nemur 14% hjá þeim fyrrnefndu og 11% hjá þeim síðarnefndu.

Þrír stærstu lífeyrissjóðirnir eru Lífeyrissjóður verslunarmanna, Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins og Gildi lífeyrissjóður. Hrein eign þeirra nam 1.622 milljörðum kr. í árslok 2015 sem er um helmingur af eignum allra lífeyrissjóðanna. Eignir þessara sjóða hvers um sig eru yfir 400 milljarðar króna.




Næstu átta sjóðir, raðað eftir stærð, eiga eignir á bilinu 100 til 200 milljarða króna hver. Hlutdeild þessara sjóða er nálægt 37%. Samtals eru 15 sjóðir, hver um sig, með minna en 100 milljarða kr. í sinni vörslu. Hlutdeild þeirra af eignum lífeyrissjóðanna er aðeins um 13%. Vegna

aukinna krafna um hagkvæmni í rekstri má búast við samruna sjóða á næstu árum og er það í takt við alþjóðlega þróun.

Verðbréfaeignir með ábyrgð ríkis og sveitarfélaga sem hlutfall af heildareignum lækkuðu á síðasta ári og voru 38% við árslok. Eignir í erlendri mynt námu um 23% af heildareignum. Af því leiðir að nálægt þriðjar af hverjum fjórum krónum í eignasafni lífeyrissjóðanna eru í fjármálaafurðum útgefnum af innlendum aðilum. Þetta hlutfall er mjög hátt samanborið við þau erlendu lífeyriskerfi sem við berum okkur saman við. Um 35% eigna eru bundin í hlutabréfum, skráðum og óskráðum, og er það aukning um nærri 3 prósentustig frá árinu áður.

Vegin meðaltals raunávöxtun samtryggingadeilda




Heimild: Útreikningar FME

Hrein raunávöxtun samtryggingadeilda lífeyrissjóðanna á liðnu ári var 8,0%. Árleg vegin meðal raunávöxtun sl. 25 ára var 4,6% sem er vel yfir 3,5% ávöxtunarviðmiði lífeyrissjóðanna. Árleg raunávöxtun sl. 10 og 5 ára var annars vegar 1,8% og hins vegar 6,2%. Sjá myndræna framsetningu hér til hliðar.

Hrein raunávöxtun séreignadeilda lífeyrissjóða var 7,8% á árinu 2015.

Samkvæmt bráðabirgðatölum frá Efnahags- og framfarastofnuninni (OECD) var raunávöxtun meðal íslenskra lífeyrissjóða með því hæsta meðal aðildarlanda samtakanna, sjá mynd hér að neðan.

Raunávöxtun (%) lífeyrissjóða árið 2015 í völdum OECD löndum



Heimild: OECD global pension statistics -uppfært
Tölur fyrir önnur lönd en Ísland eru til bráðabirgða

Samhliða launahækkunum og hærra atvinnustigi á liðnu ári jukust iðgjaldagreiðslur, ásamt aukaframlögum, um 14% á árinu 2015 og námu 162 milljörðum kr. Útgreiðslur vegna lífeyris námu 112 milljörðum kr. og jukust um 9%

Tryggingafræðileg staða

Tryggingafræðileg staða sjóða með ábyrgð ríkis og sveitarfélaga er sem fyrr neikvæð og var heildarstaðan með áföllnum skuldbindingum og framtíðarskuldbindingum -38% í árslok 2015. Ljóst er að þörfin fyrir aukaframlög ábyrgðaraðila fer vaxandi á næstu árum og þá sérstaklega hjá lífeyrissjóðum starfmannna ríkisins. Heildar tryggingafræðileg staða sjóða sem ekki njóta ábyrgðar launagreiðenda var að jafnaði jákvæð sem nemur 3%. Vegna hækkandi lífaldurs munu skuldbindingar samtryggingadeilda lífeyrissjóðanna aukast og tryggingafræðileg staða versna af þeim sökum ef ekki verður gripið til mótvægisáðgerða.